

## Árshlutareikningur Jeratúns ehf. 1. janúar – 30. júní 2013.

Árshlutareikningur Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við nýja og endurbætta staðla (IFRS/IAS) og túlkanir (IFRIC) sem tóku gildi á síðasta reikningsári.

Árshlutareikningur Jeratúns ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013 var staðfestur af stjórn félagsins í dag, 29. ágúst 2013.

Jeratún ehf. er einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og bera þau ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Starfsemi félagsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Tap félagsins á fyrri hluta ársins 2013 nam 3.746 þús. kr. og í lok þess var eigið fé jákvætt um sem nam 7.663 þús. kr. samkvæmt árshlutareikningi. *Ástæða fyrir þessu tapi má rekja til mikils fjármagnskostnaðar og of lágrar húsaleigu.* Á hluthafafundi í félaginu var hlutafé aukið um 27 milljónir kr.

Stjórn félagsins vekur athygli á áritun óháðs endurskoðanda sem er með ábendingu.

Lántaka félagsins er vegna fjármögnunar framkvæmda við Fjölbautaskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin ásamt ríkinu greiða húsaleigu sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. Í lok tímabilsins námu eftirstöðvar lána 439 millj. kr. og voru eftirstöðvar í skilum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánanna.

Félagið er með leigusamning við menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31. júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru 59.397 þús. kr. á ársgrundvelli með virðisaukaskatti og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Kristinn Jónasson, er stjórnarformaður Jeratúns ehf. og veitir frekari upplýsingar um starfsemi þess og stöðu.